



## Fundargerð

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflokks Íslands mánudaginn 25. janúar 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Katrín Baldursdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Lillý Ásrún Birkisdóttir, Dávur í Dali, Guðmundur Auðunsson og Hörður Svavarsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin er samþykkt ásamt þeirri á undan.

### 2. Staða vinnu félagastjórnar

Lillý í félagastjórn bar upp eftirfarandi erindi:

„Ég vil bera upp erindi á fundinum sem er í grunninn breytingartillaga er varðar félagsfundi flokksins.

Eins og staðan er í dag, þá hef ég sem meðlimur Félagastjórnarinnar, hvorki fengið aðgengi að innra svæði Flokksins til að geta innt af hendi þau verkefni sem felast í verkefnalýsingu sem meðlimur Félagastjórnar.

Í haust og byrjun vetrar hafði ég samband við alla sem þá voru skipaðir í Félagastjórn. Langflestir tilkynntu mér að þeir myndu ekki halda áfram í Félagastjórn, þannig ég fór af stað að endurmannna stjórnina eftir samtal við fráfarandi formann félagastjórnar, Andra.

Í kjölfarið hélt ég fund, þar sem Haraldur og Jón Gísli mættu, eftir að Andri hætti í haust, en þeir höfðu áður verið kosnir í stjórnina. Ég var þá kosin formaður félagastjórnar. Að auki fékk ég eitthvað af fólki með mér, en þau eru öll óformlegir meðlimir félagastjórnar. Þessi fundur var haldinn eftir samtal og leiðbeiningar frá Andra.

Þar sem Andri er reynslubolti treysti ég ráðum hans, en ég hafði þá (og enn ekki í dag) aðgengi að innri vef flokksins, og hef ekki haft aðgengi að þeim upplýsingum sem gott væri að ég hefði aðgengi að, svo ég gæti verið afkastameiri í vinnu minni í Félagastjórn.

Það var því óþæginleg upplifun að fá að heyra frá formanni framkvæmdastjórnar í vetur, að fyrrnefndur fundur Félagastjórnar með Haraldi og Jón Gísla hafi verið ólöglegir. Vildi hann meina að reglur Félagastjórnar kveði á um lágmarksfjölda fimm manns til að fundur teljist ekki of fámennur. Því væri ekki hægt að líta svo á að ég væri kosinn formaður stjórnarinnar.

Í þessu samtali fékk ég einnig fyrst þær fréttir, að fráfarandi stjórnarmeðlimir Félagastjórnar voru enn skráðir sem slíkir, þar sem þeir sendu ekki inn formleg uppsögn í tölvupósti til flokksins. Þetta eitt og sér er vil ég meina að sé birtingarmynd þess flöskuháls sem er í upplýsingaflæði til meðlima Félagastjórnarinnar, þar sem enginn þeirra sem hættir eru vissu af þessu fyrirkomulagi, og telja sig vera formlega hætta. Þetta atvikast með þeim hætti, eins og ég fyrrnefndi, að við höfum ekki haft aðgengi að verklagsreglum Félagastjórnar um þessi atriði, og því hefur framkvæmd þeirra verið með óformlegri hætti, en ætti ef til vill að vera.

Þetta gerir auðveldar aðstæður meira krefjandi en þörf væri á. Eins og staðan er nú, ef rétt reynist að það séu reglur sem samþykktar hafa verið og eigi að gilda fyrir Félagastjórn, þá er það þess valdandi að ég hef ekki heimild til að skipa nýja félagastjórnarmeðlimi niður á svæði, þar sem þeir eru ekki formlegir meðlimir Félagastjórnar, en ég er þá samkvæmt þessum reglum ekki löglega kosinn formaður.

Fundarhald hefur reynst erfitt síðastliðið ár vegna Covid-ástands í samfélaginu. Ef slíka heimild skortir þarf að endurskoða þær reglur sem gilda um Félagafundi og reyna koma því við að stjórnarskipti og kosningar séu heimilari á fjarfundum.

Þessu til stuðnings vil ég benda á að í frumvæpi til laga um félagasamtök til almannaheilla, er lagt til í 20 gr. Sú heimild að leyfilegt sé að halda rafræna fundi:

Tekið skal fram í fundarboði eigi þátttakendur rétt á að taka þátt í fundinum á rafrænan hátt. Vandinn eins og hann blasir við mér í dag sökum ofangreinds, er margþættur:

1. Ef ekki er kosið í stjórn áður en við förum af stað með trúnaðarmennina get ég ekki skipt trúnaðarmönnum niður á alla félagastjórnarmeðlimi, þar sem þeir eru ekki formlegir meðlimir.

2. Ég þarf því að hafa yfirsýn með öllum trúnaðarmönnum og get aðeins fengið hjálp við það frá Haraldi og Jóni Gísla, þar sem þeir eru þeir einu sem eru kosnir í stjórnina, en þar sem mér hefur verið tjáð tjáð að flestir þeir fundir sem hafa verið haldnir í vetur hafi ekki verið “löglegir”, þar sem ekki hafa 5 manns mætt, og því í reynd væri þá sú stjórn sem við skipum, ekki “lögsmæt.” Getur formaður framkvæmdastjórnar gert þá fundi ólögsmæta eftir að þeir eru haldnir með þeim fyrirmælum sem ég fæ frá fyrrum formanni félagastjórnar?

3. Það er hvergi í reglum/lögum flokksins að dreifa, hvorki aðalsamþykktum flokksins né í sérstökum reglum er varðar Félagastjórnina, sem skýra verklag hennar, og þá með hvaða móti fundir teljist löglegir eða ekki. Það eina sem kemur fram í handbók félagastjórnar er að félagastjórn sé kjörin á Sósíalistapingi og skal skipuð 16 mönnum. Samkvæmt skipulagi handbókarinnar er ég í svæðisstjórn og Haraldur og Jón Gísli í selluhóp, þ.e. Ég er með Landið, Haraldur með Norðurland og Jón Gísli með Suður- og Austurland. Samkvæmt því skipulagi er ég því ekki í þeirri stöðu að skipuleggja fundi, halda fundi, endurmannna stjórnina eða neitt af því sem ég er búin að vera að gera síðan í haust.

4. Hingað til hef ég ekki haft neitt aðgengi að neinum upplýsingum að innri vef flokksins og ég veit til dæmis um einn einstakling sem hætti í félagastjórn vegna þessarar vantana.

Ég veit fullvel að síðasta ár hefur verið erfitt út af Covid, sem gefur okkur enn meiri ástæðu til að spyrna fastar í bakkann og vera sveigjanlegri með að aðlaga okkur að nýjum aðstæðum.

Mér finnst mikilvægt að störf Félagastjórnarinnar verði ekki lögð niður, þar sem við eigum mikilvæg verk framundan vegna komandi kosninga.

Ég hef lagt mikið á mig að halda sellustarfinu lifandi, halda fundi og blása lífi í Félagastjórn sem var síðasta haust, nánast að hrynja. Mér þykir það miður, ef það á að henda því starfi fyrir bí, í nafni reglna, sem hvergi eru birtar með sannanlegum hætti og hafa ekki verið meðlimum Félagastjórnar aðgengilegar, og koma því niður á mér og samstarfsfólki mínu í stjórninni með afturvirkum hætti. Mér finnst slík framkvæmd fela í sér vafasama starfshætti, sér í lagi þar sem að við vinnum kauplaust í nafni hugsjónar.

Því finnst mér slíkt bjúrakratí ekki vera til eftirspurnar, sér í lagi ef við ætlum að reyna kalla til okkar hugsjónafólk til þess að halda störfum flokksins gangandi.

Legg ég því til að fólk geti tekið þátt í kosningum á stjórnnum og stefnum flokksins með rafrænum hætti.“

Erindi Lillýjar var rætt og framkvæmdastjórn ákvað að halda striki; að taka þær ákvarðanir sem þarf svo að það verkefni haldi áfram að safna trúnaðarfólki sem tekur að sér að hringja út í alla flokksfélaga. Ný félagastjórn verður svo kjörin á næsta almenna félagsfundi sem hægt verður að halda og mun hún þá taka yfir þetta starf og móta að nýju verkefni félagastjórnar og uppbyggingu

sella í flokksnum. Fram að því starfar sá hópur sem tekið hefur að sér að halda utan um úthringingar í flokksfélaga sem starfshópur í umboði framkvæmdastjórnar. Stefnt var að því að Lillý kæmi á fundi framkvæmdastjórnar og gæfi rapport um gang verksins, næst mánudaginn 8. febrúar.

### 3. Staða flokksins og starfið framundan, frjáls umræða

Hvernig skiljum við betur vilja og væntingar flokksmanna til starfsins framundan? Sett verður upp skjal þar sem framkvæmdastjórnarmenn geta sett inn sínar tillögur.

### 4. Fjármál flokksins

Flokkurinn: 1.881.168 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.694.986 kr., bankatrygging Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.